

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 384. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 1. október 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- Fundargerð 353. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 18. september 2024.
- Fundargerð 186. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. september 2024.
- Fundargerð 226. fundar menningarnefndar, dags. 3. september 2024.
- Fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2024.
- Drög að reglum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu. Vísað til bæjarstjórnar úr bæjarráði.
- Bréf frá foreldrafélögum Leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 11. september 2024, varðandi sameiningu jafnaldra á leikskólum Snæfellsbæjar. Vísað til bæjarstjórnar úr bæjarráði.
- Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 27. september 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

**353. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 18. september 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til bodáðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) Bréf frá SSV, dags. 5. september 2024, varðandi slökkvilið á Vesturlandi.  
Lagt fram til kynningar.
- 2) Bréf frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 9. september 2024, varðandi drög að reglum um stuðningsþjónustu sveitarfélaga.  
Bæjarráð vísaði drögnum til frekari umræðu í bæjarstjórn.
- 3) Bréf frá foreldrafélögum leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 11. september 2024, varðandi sameiningu jafnaldra í leikskólanum.  
Bæjarráð þakkar fyrir bréfið og vísaði erindinu til frekari umræðu í bæjarstjórn.
- 4) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 27. ágúst 2024, varðandi aukið stöðugildi vegna stuðnings TRÚNAÐARMÁL. Gögn lögð fram á fundinum.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta bæjarráðsfundar og kalla leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra inn á fundinn.
- 5) Minnispunktar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlitið eins og það stendur í dag.
  - b) Bæjarstjóri sagði frá því að finna þyrfti tíma fyrir kynningu frá Sævari Helga um sólmýrkva 2026.
  - c) Bæjarstjóri fór yfir lýsingu á Erró og hugmyndir að dagsetningu þegar verkið verður formlega vigt.
  - d) Bæjarstjóri sagði frá samtali við Orkusöluna um raforkusölu.
  - e) Bæjarstjóri minnti á heimsókn Geðlestarinnar í Snæfellsbæ, en hún verður í Klifi þann 1. október kl. 20:00.
  - f) Heimsókn Færeyinganna tókst mjög vel i síðustu viku.
  - g) Bæjarráð fagnar því hversu góð mæting var af foreldrum leikskólans og grunnskólans í gær þar sem farið var yfir mikilvægi góðs foreldrasamstarfs og gerður var farsældarsáttmáli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:48

Júníana Björg Óttarsdóttir

Auður Kjartansdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fríða Sveinsdóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 186186. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 27. september 2024  
og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Illugi Jens Jónasson, Halldór Kristinsson, Kristjana Hermannsdóttir, Magnús Eiríksson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Smári Jónas Lúðvíksson og Matthías Páll Gunnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Smári Jónas Lúðvíksson, Starfsmaður tæknideildar.

**Dagskrá:**

**1. Breyting aðalskipulags við Dalbrekku, Ólafsvík - 2310010**

Lögð er fram tillaga að lýsingu og matslysingu vegna breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, Ólafsvík. Breytingin tekur til stækkanar íbúðarsvæðis, Dalbrekku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild Snæfellsbæjar að koma lýsingu og matslysingu vegna breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 Dalbrekku í kynningu í samræmi við fyrstu mgr. 30. gr. Nefndin óskar eftir að haldinn verði kynningarfundur strax á lýsingarstigi svo almenningi verði gert kleift að koma sínum sjónarmiðum á framsæri snemma í skipulagsferlinu. Kynningarfundurinn verði haldinn í Klifi þann 10. október kl. 17:00.*

*Samþykkt*

**2. Nýtt deiliskipulag fyrir Dalbrekku, Ólafsvík - 2401013**

Lögð er fram tillaga að lýsingu og matslysingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Dalbrekku, Ólafsvík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild Snæfellsbæjar að koma lýsingu og matslysingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Dalbrekku í kynningu í samræmi við fyrstu og aðra mgr. 40. gr. skipulagslaga. Nefndin óskar eftir að haldinn verði kynningarfundur strax á lýsingarstigi svo almenningi verði gert kleift að koma sínum sjónarmiðum á framsæri snemma í skipulagsferlinu. Kynningarfundurinn verði haldinn í Klifi þann 10. október kl. 17:00.*

*Samþykkt*

**3. Nýtt deiliskipulag í landi Axlar - 2401011**

Lagðar eru fram umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatima. Alls bárust 6 athugasemdir. Einnig eru lagðar fram tillögur að svörum frá Snæfellsbæ.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögur að svörum og felur tæknideild að senda svör inn á Skipulagsgátt og undirbúa lokafrágang í samræmi við 42. gr skipulagslaga*

*[Handwritten signatures and initials]*

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

nr. 123/2010.

Samþykkt

## 4. Hellisbraut 21 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir klæðingu - 2409009

Ingjörg Alexía Guðjónsdóttir og Kristinn Sigurðórsson sækja um leyfi til að klæða hús sitt að Hellisbraut 21, Hellissandi, með steini frá NovaBrik.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framkvæmdirnar að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.*

Samþykkt

## 13. Búð 136255 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi fyrir aukahúsi úr timbureiningum - Flokkur 1 - 2409017

Kjartan Kjartansson fyrir hönd K og K ehf. Kt; 690704-3820 eiganda Búðar á Arnarstapa, 365 Snæfellsbæ, óskar eftir leyfi til að byggja ca. 70 m<sup>2</sup> auka hús á lóð Búðar sem standa skal við norð/austur horn lóðarinnar.

Húsið skal vera erlent einingahús og reyst á malarpúða og á hann lausir steyptir hnallar/veggir og síðan hefðbundið timburhús á timburgólf, sjá teikningar á seinni stigum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að fá endanlegan aðaluppdrátt fyrir næsta fund nefndarinnar.*

Jákvætt

## 14. Arnarfell 136250 - Umsókn um byggingarheimild eða leyfi - Flokkur 2 - 2409013

Ívar Hauksson fh. Hótel Arnarstapa ehf sækir um byggingarleyfi fyrir tæplega 1500 m<sup>2</sup> hótelbyggingu við Fellaslóð Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti útgáfu byggingarleyfis þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.*

## 15. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Hellisbraut 8 - Flokkur 2, - 2401014

Lagður fram uppfærður aðaluppdráttur af einbýlishúsi Hellisbrautar 8. Breytingin fellst í breytu skipulagi hússins og bílgeymslu bætt við húsið.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við nýjan uppdrátt.*

Kynnt

## 5. Saxhóll - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir hleðslu og frágangi við gigtopp - 2408012

Katrín Karlsdóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar sækir um leyfi til frágangs við gigtopp Saxhóls. Framkvæmdin felur í sér efnisflutninga á toppinn með þyrlu og frágang í og við pall með hraunhleðslum á ytra byrði, hraunhellum til að tilla sér á í miðjunni palli og þrep niður af palli út á gigbarmana. Framkvæmdatími er áætlaður 7-10 dagar í heildina.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir útgáfu framkvæmdarleyfis.*

Samþykkt

MPC K 777  
SIL MJK MKA

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

### 9. Dritvikurvegur (572-01) í Beruvíkurhrauni Útnesvegur (574-3) - Djúpalón - 2409012

Vegagerðin áforma og tilkynna hér með til Snæfellsbæjar að fyrirhugað er að endurbyggja, lagfæra og leggja bundið slitlag á Dritvikurveg (574-03) í Snæfellsbæ. Verkið er á um 2,4 km löngum kafla frá Útnesvegi að Djúpalóni (áningarstað). Framkvæmdakaflinn liggur um Einarlón-Ytra (landnr. 136272) og Einarlón-Syðra (landnr. 136273). Verið er að ræða við landeigendur, Vegagerðin mun senda staðfestingu frá landeigendum þegar hún liggur fyrir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 6. Ólafsbraut 80 - Umsókn um stöðuleyfi - 2409007

Leifur Steinn Gunnarsson fyrir hönd Stormur Datacenters ehf. sækir um stöðuleyfi á lóð Klumbu ehf að Ólafsbraut 80 fyrir 20 feta gám í 12 mánuði. Stormur hyggst reka tilraun til varmaendurnýtingar örgagnavers, sem staðsett er í gámi þessum. Varmin verður notaður í fiskþurkunnarstarfssemi Klumbu í stað rafmagnshitunar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til 12 mánaða og minnir að að sækja þurfi um að nýju að 12 mánuðum liðnum.*

*Samþykkt*

### 10. Arnarfell 136250-2113879- Umsókn til niðurrifs - Flokkur 1 - 2409014

Hótel Arnarstapi ehf. óskar eftir heimild til að rífa fasteign með fasta nr. 2113879 á lóð Arnarfells land nr. 136250.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrif*

*Samþykkt*

### 11. Arnarfell 136250 - 2243067- Umsókn til niðurrifs - Flokkur 1 - 2409015

Hótel Arnarstapi ehf. óskar eftir heimild til að rífa fasteign með fasta nr. 2243067 á lóð Arnarfells land nr. 136250.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrif hússins með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

### 12. Arnarfell 136250 - 2243068 - Umsókn til niðurrifs - Flokkur 1 - 2409016

Hótel Arnarstapi ehf. óskar eftir heimild til að rífa fasteign með fasta nr. 2243068 á lóð Arnarfells land nr. 136250.

### 7. Drög aðloftlagsstefna og aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar - 2409011

Samkvæmt 5. gr. c. i lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál verða sveitarfélög á Íslandi að setja sér loftslagsstefnu. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa samþykkt að vera með sameiginlega loftslagsstefnu, en aðskildar aðgerðaráætlanir.

Guðrún M. Magnúsdóttir Verkefnastjóri Umhverfisvottunar Snæfellsness hefur sent inn tvö skjöl til yfirferðar og umfjöllunnar.

MPQ

777  
3

M.R

M.R  
SJC

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drög að loftslagsstefnu Snæfellsness sem bæði uppfyllir lög um loftslagsmál og þær kröfur sem umhverfisvottun EarthCheck setur. Stefnan er ítarlegri en sjálfbærnisteftan vegna EarthCheck vottunarinnar og ætti að vera gott verkfæri fyrir sveitarfélögin á Snæfellsnesi.

Drög að aðgerðaráætlun. Skjalið er hugsað sem vinnuskjal fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Í því eru tillögur að aðgerðum sem tengjast markmiðunum sem koma fram í stefnunni.

búið er að taka saman losun vegna starfsemi Sveitarfélagsins árin 2022 (viðmiðunarár) og 2023 og skilað inn í gagnagrunn fyrir sveitarfélög (loftslagsstefna.is).

*lagt framm til kynningar.*

*Kynnt*

### 8. Engihlið - Brúarholt Breyting gatnamóta - 2409005

fyrir nefnd liggja tvær tillögur að breitingu gatnamóta Engihlið - Brúarholt.

Breitingartillögurnar hafa það að markmiði að auka umferðaröröggi og búa til svæði til landmótunnar milli nýrrar viðbyggingar við leikskólan Krlakot og götu.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykir fyrirliggjandi tillögur að einstefnu við Brúarholt - Engihlið til að auka umferðaröröggi og að hugmyndir verði kynntar leikskólastjórnendum og haldd verði áfram með frekara skipulag á svæðinu*

*Samþykkt*

### 16. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2024 - 2401007

Óleyfisframkvæmdir í sveitarfélaginu ræddar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.

Krischan Hennamann

Hallðor Þórisson

Hlynur Þórður

Flikki Jón Jónasson

Mattíos Þórhil Guðnason

Árni Ólafsson

Sonari I. Lüdiksdóttir

## Menningarnefnd Snæfellsbæjar

### Fundur nr. 226

Þriðjudagur 3. September 2024 - Ráðhús Snæfellsbæjar

Fundur settur: 16:30

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Heimir Berg og Hafdís Rán Brynjarsdóttir.

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir.

16:30

#### 1. Hrekkjavaka

- Viðburður í pakkhúsinu fimmtudaginn 31. október
- Samstarf við grunnskólann?
- Kaffisala/fjáröflun fyrir 10. bekk?

#### 2. Jólatónleikar

- Hugmyndir ræddar
- 28. Nóvember?

#### 3. Jólaopnun fyrirtækja

- Menningarnefnd tekur þátt
- Bíðum eftir dagsetningu frá þjónustuaðilum bæjarins
- Opnun í Pakkhúsinu: Jólaglögg og fl.
- Hafa samband við kórinn til að syngja nokkur lög í Pakkhúsinu

17:30 - Fundi slitið.

## **Fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Árið 2024, föstudaginn 30. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósá Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Pór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Gréta Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Grindavíkurnefnd - 2407014SA**

Árni Pór Sigurðsson, Guðný Sverrisdóttir og Gunnar Einarsson úr framkvæmdaneftir vegna jarðhræringa í Grindavík komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir starfsemi nefndarinnar ásamt því að svara spurningum stjórnarfólks.

Fulltrúar úr Grindavíkurnefnd viku af fundi kl. 12:55.

**2. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 2401015SA**

Guðmundur Baldwin Guðmundsson, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Dan Jens Brynjarsdóttir, Hrund Pétursdóttir, Friðjón Einarsson og Hörður Hilmarsson fulltrúar í Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komu inn á fundinn undir þessum lið kl. 12:55 ásamt Guðna Geir Einarssyni, Aðalsteini Þorsteinssyni, Sigrúnu Dögg Kvaran og Árna Sverri Hafsteinssyni starfsfólk í innviðaráðuneytinu. Ræddu þau um starf ráðgjafanefndarinnar og svoruðu spurningum stjórnarfólks.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Hrund Pétursdóttir viku af fundi kl. 13:55. Aðrir gestir á fundinum viku af fundi kl. 14:00.

**3. Stuðningur við Grindavíkurbæ - 2311012SA**

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu, dags 28. ágúst, varðandi stuðning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Grindavíkurbæjar með vísan til samkomulags þeirra á milli, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skrifa umsögn m.v. umræður á fundinum.

**4. Fundargerðir 949. og 950. fundar - 2309033SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 949. og 950. fundar stjórnar sambandsins frá 13. og 21. júní 2024 sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**5. Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 24. júní 2024.

**6. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lagðar fram fundargerðir 29. og 30. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 19. júní og 16. ágúst 2024.

**7. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í ágúst 2024.

**8. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Starfsgreinasamband Íslands f.h. eftirtalinna stéttarfélaga: Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélag Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf vegna Garðabæjar, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis og Verkalýðsfélag þórshafnar, dags. 3. júlí 2024, ásamt kynningu. Einnig lagðir fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Matvís, Rafinaðarsambands Íslands og Félags vélstjóra og málmtækniðanna, dags. 3. júlí 2024, og Samiðn f.h. aðlindarfélaga sinna, dags. 11. júlí 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við Starfsgreinasamband Íslands f.h. eftirfarandi stéttarfélaga: Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélag Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf vegna Garðabæjar, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis og Verkalýðsfélag þórshafnar og kjarasamninga við Matvís, Rafinaðarsambands Íslands og Félags vélstjóra og málmtækniðanna, og Samiðn f.h. aðildarfélaga sinna.

**9. Hagsmunagæsla Sambandsins gagnvart þinginu - 2407012SA**

Lagt fram til minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 10. júlí 2024, um hagsmunagæslu Sambandsins gagnvart þinginu. Rætt sérstaklega um fríar skólamáltíðir.

**10. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2024 - 2404027SA**

Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði grein fyrir drögum að dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica 10.-11. október 2024.

- 11. Fjármál sveitarfélaga - 2406004SA**  
Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs sambandsins, dags. 28. ágúst 2024, um fjármál sveitarfélaga.  
*Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði grein fyrir minnisblaðin um fjármál sveitarfélaga.*
- 12. Fjármálareglur sveitarfélaga - óskað umsagnar - 2408012SA**  
Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Sambandsins vegna óskar Reykjavíkurborgar um breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er varðar fjármálareglur sveitarfélaga, ásamt fylgiskjolum.  
*Stjórn tekur jákvætt í ósk Reykjavíkurborgar og felur framkvæmdastjóra að skrifa inn umsögn m.v. umræður á fundinum.*
- 13. Starfshópur um tillögu að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttafólks - 2403022SA**  
Lögð fram til kynningar úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála dags.
- 14. Breytingar á innra skipulagi Sambandsins - 2303020SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 28. ágúst 2024, um endurskoðun á nefndaskipan Sambandsins.  
*Stjórn samþykkir framkomna tillögu um endurskipulag nefnda og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir þannig að hægt sé að skipa í nýjar nefndir fyrir áramót.*
- 15. Nýr vefur og auglýsingaherferð - 2402012SA**  
Samskiptastjóri gerði grein fyrir tillögu að auglýsingum og kynnti vinnu við nýjan vef Sambandsins.
- 16. Verkefni Sambandsins haustið 2024 - 2312016SA**  
Framkvæmdastjóri og stjórnendur fóru yfir helstu verkefni Sambandsins haustið 2024.
- Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 15:30. Heiða Björg Hilmisdóttir vék af fundi kl. 15:35 og tók Jón Björn Hákonarson við stjórn fundarins.
- 17. Fræðsla og upplýsingamiðlun Sambandsins til kjörinna fulltrúa - 2303013SA**  
Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þjónustusviðs og yfirlögfræðings, dags. 27. ágúst 2024, um Sveitarfélagaskólan og aðra fræðslu og upplýsingamiðlun Sambandsins.
- 18. Tilnefning í spretthóp um ný heildarlög um frístund- og æskulýðsstarf - 2404036SA**  
Þann 15. maí 2024 tilnefndi Samband íslenskra sveitarfélaga Guðmund Ara Sigurjónsson, bæjarfulltrúa í Seltjarnarnesbæ í spretthóp um ný heildarlög um frístund- og æskulýðsstarf.
- 19. Tilnefning í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir - 2404021SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 28. maí 2024, þar sem Valgerður Rún

Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um lóðir fyrir einingabyggðir.

**20. Tilnefning í stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis - 2406010SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 24. júní 2024, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur í samninganefnd sveitarfélaga, til vara.

**21. Tilnefning í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2024-2027 - 2405012SA**

Þann 24. júní 2024 tilnefndi Samband íslenskra sveitarfélaga Valgerði Rún Benediktsdóttur, yfirlögfræðing sambandsins til áframhaldandi setu í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2024-2027.

**22. Endurtilnefning í verkefnistjórn loftslagsmála - 2404011SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. júní 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sambandsins, er tilnefnd í verkefnistjórn loftslagsmála í stað Hugrúnar Geirsóttur.

**23. Tilnefning í samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði - 2407006SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2024, þar sem Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður stjórnar Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, til vara.

**24. Tilnefning í samgönguráð - 2407017SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2024, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í samgönguráð.

**25. Tilnefning í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses. - 2404032SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Brynju leigufélags ses., dags. 23. ágúst 2024, þar sem Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólsk á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd til áframhaldandi setu í fulltrúaráð Brynju, og Einar Brandsson, stjórnarmaður hjá Sambandinu.

**26. Skýrslur umboðsmanns Alþingis - OPCAT-eftirlit á búsetuúrræðum fyrir börn - 2406027SA**

Lagt fram bréf umboðsmanns Alþingis, dags. 27. júní 2024, vegna athugana OPCAT-eftirlits embættis á búsetuúrræðum fyrir börn hjá Klettabæ ehf. og Vinakoti ehf, ásamt fylgiskjölum.

**27. Vorskýrsla Kjaratölfræðinefndar 2024 - 2009050SA**

Lögð fram til kynningar vorskýrsla Kjaratölfræðinefndar, dags. í júní 2024.



## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær S. 430-7800, [www.fssf.is](http://www.fssf.is) [sveinn@fssf.is](mailto:sveinn@fssf.is)

Drög 10.09.2024!

## Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu

Reglur þessar tilgreina þjónustu sem sveitarfélögum er skyld að veita skv. 25. – 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 1.tl, 1 .mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

### 1. Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa einstaklinga sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta miðist að því að efla viðkomandi til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Þjónustuframkvæmd miði að valdeflingu þjónustuþega og hvatningu til sjálfsábyrgðar – sem og ákvörðunarréttar viðkomandi. Jafnframt skapist skilyrði fyrir virkari þátttöku viðkomandi í samfélaginu.

### 2. Stuðningur

Stuðningsþjónustan er fyrir þá sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, veikinda eða fjölskylduaðstæðna. Stuðningsþjónusta er veitt bæði innan heimilis og utan. Stuðningsþjónustan felst í :

- Stuðningi við athafnir daglegs lífs; við persónulegt hreinlæti; klæðast / hátta; veita stuðning við næringu og lyfjainntöku; aðstoð við útvegun hjálpartækja og nýtingu velferðartækni.*
- Stuðningi við heimilishald; við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima hjá sér; auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni til sö auðvelda heimilishald og starfsfólk að veita þjónustuna*
- Félagslegur stuðningur; stuðningur og hvatning til notanda til félagslegrar þátttöku.*
- Heimsendur matur; fyrir notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök að sækja mótneyti, s.s. á nærliggjandi hjúkrunarheimili*

bls. 2

### 3. Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu snæfellskra sveitarfélaga

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirtalin skilyrð til að fá stuðningsþjónustu sveitarfélaganna:

- a. Vera orðinn 18 ára
- b. Umsækjandi skal eiga lögheimili í e-u sveitarfélaganna 4ra á Snæfellsnesi
- c. Umsækjandi búi í sjálfstæðri búsetu á eigin heimili. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum, þjónustuþúðakjarna eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt til þjónustu

### 4. Umsóknir og mat

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru aðgengilegar á heimasíðum sem og á skrifstofum Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs., og aðildarsveitarfélaganna, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbærar, Snæfellsbærar og Sveitarfélagsins Stykkishólms. Starfsmenn FSS veita aðstoð og leiðsögn við útfyllingu umsókna. Starfsfólk heilsugæslu er heimilt að senda inn umsókn á grundvelli umboðs skjólstæðinga.

### 5. Fylgigögn með umsókn

Með undirritun heimilar umsækjandi starfsfólk Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs. (FSS), að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og eða gögnum frá öðrum aðilum meðan á umsóknarferli stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi aðstoða við öflun frekari upplýsinga og gagna eftir atvikum máls. Starfsfólk FSS er þannig heimilt að óska eftir frekari gögnum, s.s. læknisvottorði, örorkumati, SIS mati, staðfestingu á skertri getu og eða veikindum.

### 6. Mat á stuðningsþörf

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru yfirfarnar og metnar af starfsfólk Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs. Í kjölfarið er haft samband við umsækjanda, innan 2ja vikna frá því umsókn er móttokin. Mat á stuðningsþörf umsækjanda fer fram í samvinnu við umsækjanda á heimili hans eða á öðrum vettvangi í samráði við hann. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar og taka mið af þörfum og aðstæðum umsækjanda og fjölskyldu hans. Við mat á stuðningsþörf er m.a.a. litlög til eftirtalinna atriða:

- a) Félagslegri stöðu
- b) Samfélagsþátttöku og virkni
- c) Félagslegrar færni
- d) Styrkleika
- e) Athafna daglegs lífs
- f) Heilsu

bls. 3

- g) Hegðunar
- h) Annarra mikilvægra upplýsinga

Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal metið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Ef svo er skal taka mið af því við ákvörðun. Við mat á stuðningsþörf skal nýta eftir kostum velferðartæ kni og ráðgjöf til að þess að þjálfa og eða breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs til að auðvelda umsækjanda búsetu á heimili sínu enda gæti hann þá bjargað sér sjálfur og félagslega virkur.

## 7. Afgreiðsla umsókna um stuðningsþjónustu

Þegar umsókn hefur verið samþykkt er hafist handa við gerð áætlunar um inntak og umfang stuðningsþjónustu viðkomandi. Niðurstaða verður kunngerð innan 3ja vikna. Við sértækar kringumstæður er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ólokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verð afgreidd og hvenær ráðgert er að stuðningur geti hafist.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi eða mikla færniskerðingu skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heilbrigispjónustu í samræmi við þarfir notandans.

Verðiniðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda sé uekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi ber að synja umsókninni. Með synjun fylgja þá leiðbeiningar til að óska eftur rökstuðningi félagsþjónustu FSS inna 14 daga frá móttöku synjunar.

## 8. Stuðningsáætlun

Áður en stuðningsþjónusta hefst skal liggja fyrir tímabundinn þjónustusamningur, stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni. Stuðningsþjónustan skal ávallt byggja á skýrum markmiðum þar sem getið er hvernig árangur og framvinda verður metinn. Fram komi:

- Markmið og tilgangur með stuðningi og hvernig þeim skuli náð
- Framkvæmd stuðningsúrræða
- Gildistimi samþykktar umsóknar
- Umfang stuðnings
- Samkomulag um notkun / aðgengi starfsmanna að hús- og eða íbúðarlyklum þjónustubega
- Upphæð útlagðs kostnaðar stuðnings; launakostnaður, annað.

## 9. Gjaldtaka ?! Athugasemd SPE!

Aðildarsveitarfélög FSS hafa ekki fram að þessu verið með gjaldtöku v. þessarar þjónustu. Ef sveitafélögin ákveða að taka upp gjaldtöku þessarar þjónustu mætti lita til og rýna ákvæði 4. mgr., 26.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

bls. 4

Eina slíka útfærslu má m.a. finna í reglum Reykjanesbæjar um stuðningsþjónustu.# (sjá hér að neðan)

Önnur útfærsla gjaldtöku væru viðmið á grundvelli tekna, s.s. framfærsluviðmiðum TR Notandi undir þeim viðmiðum greiddi ekki en þeir sem þar eru fyrir ofan greiddu skv. sérstakri gjaldskrá. Slikt útheimti kostnað við útreikningu, bókhalds á grundvelli verðskrár sem þyrfti að uppfæra skv. opinberri verðlagsþróun, ákvæðum gildandi kjaraumhverfs o.fl.. /kv SpE

\*) sbr. Reykjanesbær /gjaldtaka:

„Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilisþrif og heimsandan mat skv. gildandi gjaldskrá, sbr. 4. gr., 26.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, br. 40/1991. Undanþegnr gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilisþrif eru þeir sem einungis hafa tekjur skv. framfærsluviðmiði TR eða þar undir“

..... niðurstaða?.....

# (sjá hér að)

## 10. Framkvæmd stuðnings

Stuðningsþjónusta er veitt á dagvinnutíma virkra daga, milli kl. 8.00 og 16.00. Stuðningur við heimilishald í formi heimilisþrifa er eingöngu veittur á dagvinnutíma.

Stuðningþjónusta, skv. þessum reglum, er veitt í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustund í mánuði eða viku hverri, á grundvelli mats á stuðningsþörf viðkomandi aðila.

Í samræmi við 5. mgr., 26.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er gert ráð fyrir því almenna viðmiði að hámark veitrar aðstoðar geti numið allt að 15 klst. í viku.

## 11. Endurmat

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum dagslegs lífs eða félags – og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmets stuðningsþörf. Eigi sjaldnar en á 12 mánaðar fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar og eða áherslur ellegar stuðningi lokið. Mat á árangri skal skrá við endurnýjun stuðningsáætlunar þar sem jafnframt komi fam hvort stuðningur hafi skilað þeim markmiðum sem sett voru i upphafi. Þegar stuðningi lýkur skal skrá árangur þjónustunnar sérstykalega.

## 12. Breyttar aðstæður

Notanda, aðstandendum hans, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni ber eftir atvikum að upplýsa starfsfólk FSS um breytingar á högum sem kunna að hafa áhrf áf fyrirliggjandi mat á þjónustuþörf. EF um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma og stuðningsáætlun.

### 13. Kostnaður

Þegar stuðningur er veittur í tengslum við félagslega þátttöku ber viðkomandi einstaklingi að greiða fyrir sjálfan þann kostnað sem þar fellur til.

Lögheimilissveitarfélag viðkomandi greiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans þegar stuðningur er veittur, s.s. í tengslum við leikhús- og kaffihúsaferðir. Útlagður kostnaður skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja notandans eða eftir atvikum lögráðamanna hans.

### 14. Ferðir

Meginreglan er sú að almenningsamgöngur séu notaðar og eða akstusrþjónusta viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

### 15. Lyklar notenda

EF starfsmaður stuðningsþjónustu þarf, skv. samkomulagi við notanda, - að nota lykil að húsnæði notanda, - skal lykill geymdur á starfsstöð / bærjar- eða hreppskrifstofu stuðningsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Þessa skal getið í stuðningsáætlun og haldin skrá yfir notkun lykilsins. Það sama gildir um raflása.

### 16. Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að góðum, nauðsynlegum búnaði svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónusta fer fram.

Vinna starfsmana í stuðningsþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf umsækjandi eða umbjóðandi hans að fallast á að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilum þjónustuþega að öryggi notanda eða starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Heimilt er að fella niður þjónustu þar til viðeidandi laus finnst.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur gangast inn á að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Ef gæludýr eru á heimilinu er ætlast til að þau sé ekki laus og eða ekki á þeim svæðum þar sem þjónustan er veitt og meðan á henni stendur.

*bls. 6*

## **17. Málsmeðferð**

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga br, 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

## **18. Glidistaka**

*Samþykkt i sveitarstjórn:*

*- undirritun*

*dagsetning,*

*Eyja- og Miklaholtshrepps;*

*(af), Ígaða um*

*Grundarfjarðarbæjar;*

*Snæfellsbæjar;*

*Sveitarfélagsins Stykkishólms;*



Outlook

## Sameining jafnaldra á Leikskólum Snæfellsbæjar

From Helga Jóhannsdóttir <helgajoh22@gmail.com>

Date Wed 9/11/2024 9:21 AM

To Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Sæl,

Foreldrafélögum leikskólana í Snæfellsbæ hafa borist ábendingar og fyrirspurnir varðandi fyrirkomulag leikskólana og hvers vegna sameining árganga hefur ekki átt sér stað. Með því er átt við að börnin fylgi sínum jafnöldrum í leikskóla og um leið væri þá hægt að sérhæfa húsnæðin betur að þeim aldurshópi sem um ræðir. Stjórnir foreldrafélaganna óska því eftir að Snæfellsbær framkvæmi könnun þar sem vilji foreldra eða allra íbúa er kannaður. Í kjölfar þess væri forvitnilegt að fá úttekt frá óháðum aðila sem myndi leggja mat á fjárhagsleg, félagsleg og rekstrarleg áhrif þess að sameina leikskólana.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélaga leikskólana,

Jóhanna Jóhannesdóttir

Helga Jóhannsdóttir